



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á Fundi fólksins
Norræna húsinu
2. september 2016**

Kæru gestir.

Verið velkomin á fund fólksins. Hér skal halda „líflega tveggja daga lýðræðis- og stjórnmalahátíð“ eins og segir í kynningu viðburðarins. Hér á líka að verða vettvangur til að „virkja lýðræðið og brúa bilið milli stjórnmalamanna og fólksins í landinu“. Í mínu nýja embætti vil ég leggja mitt af mörkum til þess að þetta geti orðið.

Forseti Íslands er eini embættismaður landsins sem kjörinn er beinni lýðræðislegri kosningu. Í höndum hans er málskotsrétturinn, sá möguleiki að synja lögum staðfestingar þannig að þau taki gildi tímabundið en verði lögð í dóm kjósenda til endanlegrar synjunar eða samþykktar. Virkt lýðræði varðar forseta Íslands því svo sannarlega.

Undanfarin ár hefur mikið verið rætt um mögulegar breytingar á stjórnarskrá Íslands, allt frá smávægilegum endurbótum að gagngerri endurskoðun, nýrri stjórnarskrá fyrir nýtt lýðveldi eins og fyrst heyrðist fleygt í ólgunni eftir bankahrunið 2008. Vorið eftir var stjórnlaganefnd skipuð og síðan kosið stjórnlagahring sem varð að stjórnlagaráði. Það ráð samdi tillögur að frumvarpi til stjórnskipunarlaganna og fyrir um fjórum árum, í október 2012, samþykkti meirihluti þeirra kjósenda sem tóku þátt í þjóðaratkvæðagreiðslu að þær yrðu lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá. Ekki reyndist stuðningur við þá niðurstöðu á Alþingi, allra síst eftir kosningar vorið 2013. Að þeim loknum var hins vegar skipuð ný stjórnarskrárnefnd sem skyldi leggja til breytingar á stjórnarskránni.

Við forsetakjörið í sumar voru stjórnarskrármál mjög til umræðu. Svona lýsti ég minni afstöðu:

Forseti á að stuðla að því að sátt náist um stjórnarskrá Íslands. Í hana þarf að setja ákvæði um þann rétt tilskilins fjölda kjósenda að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um lög frá Alþingi. Einnig þarf að skýra betur völd og verksvið forseta Íslands. Í þessum efnum ætti forseti að móta sér opinbera afstöðu því að þau lúta að stöðu hans með beinum hætti.

Önnur forsetaefni höfðu ólíkar skoðanir. Allir voru þó sammála um eitt, að auka bæri og treysta beint lýðræði í landinu. Tryggja þyrfti að tilskilinn hluti kjósenda gæti kallað fram þjóðaratkvæðagreiðslu um lög frá þinginu. Ekki voru allir á eitt sáttir um það hversu langt skyldi ganga við þær breytingar sem þá þyrfti að gera á stjórnarskrá eða verklagi við beitingu málskotsréttar forseta, en um kjarna málsins var einhugur. Svo voru þeir sem vildu enn frekari umbætur eða alveg nýja stjórnarskrá.

Svipaða sögu má segja um stjórnsmálaflokka landsins. Allir flokkarnir á Alþingi, auk nýrra flokka sem þar eiga ekki fulltrúa, vilja að í stjórnarskrá verði ákvæði um beint lýðræði og þjóðaratkvæðagreiðslur. Sumir vilja setja ýmis skilyrði í því sambandi og aðrir vilja að umbætur í þessum anda verði hluti frekari breytinga, jafnvel að landinu verði sett ný stjórnarskrá á grundvelli tillagna stjórnlagaráðs. En samstaðan, eða lægsti samnefnarinn, felst í þessari tilteknu breytingu, að auka beint lýðræði þannig að hluti kjósenda geti knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu um umdeild mál.

Hinn 1. júlí í sumar, fyrir rétt rúmum tveimur mánuðum, skilaði stjórnarskrárnefnd Sigurði Inga Jóhannssyni forsætisráðherra þremur frumvörpum um stjórnarskrárbreytingar, um þjóðareign á náttúruauðlindum, umhverfis- og náttúruvernd og loks þjóðaratkvæðagreiðslur að kröfu hluta kjósenda. Í innsetningarræðu minni 1. ágúst, mánuði síðar, minnti ég á ábyrgð Alþingis í sambandi við stjórnarskrárbreytingar og komst svo að orði: „Geti þingið ekki svarað ákalli margra landsmanna og yfirlýstum vilja stjórnsmálaflokka um endurbætur eða endurskoðun er úr vöndu að ráða. Í þessum efnum minni ég á gildi áfangasigra og málamiðlana.“

Nýjustu tíðindi þessarar stjórnarskrársögu eru svo þau að í gær var tekið til umræðu á Alþingi frumvarp forsætisráðherra til stjórnarskipunarlaganna, með þeim ákvæðum um umhverfisvernd, náttúruauðlindir og þjóðaratkvæðagreiðslur sem stjórnarskrárnefnd skilaði fyrr í sumar. Jafnframt er kveðið á um það að breytingarnar skuli samþykktar með hefðbundnum hætti, þannig að fyrst þurfi samþykki

Alþingis, síðan kosningar og loks staðfestingu nýs þings, enda vill svo til núna að aðeins eru nokkrar vikur til kjördags.

Er líklegt að sátt náist? Það er kannski ekki margt sem bendir til þess ef marka má fyrstu umræður á Alþingi. Margir þingmenn sáu galla á frumvarpi forsætisráðherra, annmarka við málsmeðferðina, of skammt farið eða of langt gengið. Sjónarmiðin um samnefnara eða málamiðlanir og áfangasigra virðast eiga undir högg að sækja. Sá ótti virðist líka ríkja að hóflegar breytingar núna útiloki róttækari skref síðar.

Ágætu fundargestir: Hér hefur verið bent á þau sannindi að allir stjórnmalaflokkar vilja að kjósendur geti kallað fram þjóðaratkvæðagreiðslu um lög frá Alþingi, einnig að allir frambjóðendur í forsetakjöri í sumar voru sama sinnis, og loks að fyrir þinginu liggur frumvarp um efnið. Að vísu felur það líka í sér aðrar breytingar á stjórnarskrá. En kannski væri einmitt ráð að einblína núna á einn afmarkaðan þátt, þá stjórnarbót sem lýtur að beinu lýðræði og rétti fólks til að segja hug sinn milliliðalaust í mikilvægustu málum.

Hvernig sem þetta veltist er afar mikilvægt að við höldum áfram að ígrunda og ræða um lýðræðið og þjóðarsáttmála okkar, stjórnarskrána. Vonandi verða umræður um stjórnarskrármál þess vegna öflugar, málefnalegar og fróðlegar hér á fundi fólksins. Vonandi verður sama hægt að segja um umræður á Alþingi næstu daga og vikur. Þar liggur ábyrgðin og ákvörðunarvaldið, hjá þeim fulltrúum sem við kjósum til að vinna í umboði okkar. Og vonandi dregst ekki lengi að setja í stjórnarskrá ákvæði um beint lýðræði, að vilja fólksins og flokkanna.